

Ár 2007, fimmtudaginn 29. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða almenna launahækkun til þeirra sem undir kjararáð heyra samkvæmt lögum nr. 47/2006 um kjararáð

I.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð skal kjararáð taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til. Um næstu áramót munu laun samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðherra og BHM og BSRB hækka um 2,0%.

Með hliðsjón af framangreindu ákveður kjararáð að laun skuli hækka eins og í ákvörðunarorði segir.

II.

Ákvörðunarorð

Laun þeirra sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til skulu hækka um 2,0% 1. janúar 2008.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir